

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 3.12.18
Ábm.	Svfr.
Afgr.	()Bréf ()St.
Lxm.	Trm.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Nafnfræðisvið

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

sími: 525-4433

nafn@arnastofnun.is

www.arnastofnun.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfossi

27. nóvember 2018

Efni: Könnun um nöfn á nýbýlum og breytingar á nöfnum býla

Á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er nú, í samstarfi við Örnefnanefnd, verið að kanna nafngiftir býla frá því að ný lög um örnefni (22/2015) tóku gildi. Sveitarfélög hafa umsjón með skráningu staðfanga innan staðarmarka sinna, þ.m.t. nafna á býlum, og er þess vegna leitað til sveitarfélaga við gerð könnunarinnar.

Óskað er eftir upplýsingum um neðangreint á tímabilinu frá 17. mars 2015, þegar ný lög um örnefni tóku gildi, þar til nú:


- 1) Nöfn á nýjum lögbýlum eða nýjum lögheimilum á lóðum í dreifbýli í sveitarfélaginu ásamt dagsetningu skráningar.
- 2) Breytingar á nöfnum býla í sveitarfélaginu, þ.e. lögbýla eða annarra býla í dreifbýli þar sem fólk á lögheimili, ásamt dagsetningu skráningar.
- 3) Rökstuðning eða skýringu á vali nafns sem fylgdi umsóknum um ný eða breytt nöfn, sbr. liði 1) og 2).
- 4) Tilvik um að umsóknum um ný eða breytt nöfn hafi verið hafnað og ástæður þess að þeim var hafnað.

Svör óskast send fyrir 20. janúar 2019 eða eins fljótt og kostur er.

Hægt er að senda svör með tölvupósti á netfang nafnfræðisviðs, nafn@arnastofnun.is, eða bréfleiðis á póstfang sviðsins hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sjá að ofan).

Nánari upplýsingar um könnunina veitir Aðalsteinn Hákonarson, verkefnisstjóri á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, í síma 525-4433 eða í gegnum tölvupóst adalsteinn.hakonarson@arnastofnun.is eða nafn@arnastofnun.is.

Virðingarfyllst,



Aðalsteinn Hákonarson